



Skipulagsstofnun

Mótt.: 28 jan. 2022

Málnr.


202103017



AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Breyting aðalskipulags – nýtt iðnaðarsvæði á Eyjarlandi


01.06.2021, breytt 17.01.2022





BLÁSKÓGABYGGÐ

Aðalskipulag 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 2.12.2021


Umfærðis- og tæknisvið
Uppsveita
SKIPULAGSFULLTRÚI

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 14.12.2022

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 3.3.2021 með athugasemdafresti til: 24.3.2021

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 6.10.2021 með athugasemdafresti til: 19.11.2021

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.1.1	Landsskipulagsstefna	5
2.1.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar	6
2.2	Deiliskipulag	7
2.3	Minjar	7
3	UMHVERFISÁHRIF	7
3.1	Niðurstaða	8
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
5	MÁLMEÐFERÐ	9
5.1	Skipulags og matslýsing	9
5.2	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	9
5.3	Skipulagsferli	9
6	BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU	10

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

3502-014-ASK-017-V01

HÖFUNDUR

Anna Bragadóttir

RÝNT

Ingibjörg Sveinsdóttir



1 INNGANGUR

Bláskógabyggð leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að landnotkun lóðarinnar Eyjarlands (L167649) er breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði, til samræmis við núverandi notkun hennar. Verið er að ala seiði frá hrognum uppí 20-25 gr. Þá eru þau flutt annað þar sem þau eru alin í sláturstærð. Flutningurinn fer fram einu sinni á ári í maí og júní og eftir eru hrogn sem hafa verið alin frá nóvember og eru orðin um 1 gr. hvert. Markmið með breytingunni er að bæta aðbúnað fyrir núverandi framleiðslu, sem er um 16 tonn, og hafa svigrúm til framleiðsluaukningar. Í bættum aðbúnaði og framleiðsluaukningu felst m.a. fjölgun kerja og aukning í vatnsnotkun og fráveitu.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi ásamt uppdrætti sem er aftast.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Eyjarland er skammt frá Laugarvatnsvegi, um 2 km sunnan Laugarvatns. Aðkoma er af Laugarvatnsvegi nr. 37, Eyjavegi nr. 364 og um núverandi aðkomuveg af honum. Forsenda fyrirhugaðrar breytingar er að landeigandi vill að landnotkun á lóðinni sé í samræmi við þá starfsemi sem þar er stunduð, þ.e. iðnaðarsvæði með heimild fyrir seiðaeldi og möguleika á að auka framleiðslu í framtíðinni. Á lóðinni eru m.a. skemma til seiðaeldis, nokkur eldisker og tvær tjarnir. Lóðin er gróin og á henni er nokkurt kjarr og skjólbelti til að mynda skjól.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

2.1.1 Landsskipulagsstefna

Kafli 2.2. Skipulag í dreifbýli

Marka skal stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýlinu og ákvörðun um staðsetningu og hönnun mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhættum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Leitast skal við að varðveita náttúru- og

menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúruferi eða menningu. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd.

2.1.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027 var staðfest þann 25. maí 2018. Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin tekur til skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Þó um sé að ræða landbúnaðarsvæði þá er svæðið nýtt sem iðnaðarsvæði fyrir fiskeldi.

Í aðalskipulaginu segir m.a. um iðnaðarsvæði:

- Að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. framleiðsluiðnað og matvælaíðnað.
- Umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér verður vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru

Markmið í aðalskipulagi er varðar iðnaðarsvæði er m.a. að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. framleiðsluiðnað og matvælaíðnað.



MYND 1. Hluti af Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin er fyrirhuguð innan rauða hringsins.

Lóðin er undir hverfisvernd vegna birkikjarrs. Skilmálar eru um að halda skuli byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er. Einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjategundir í birkiskóga og birkikjarr sem nýtur hverfisverndar.

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við markmið og stefnu sveitarfélagsins.

2.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið.

2.3 Minjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í þéttbýlunum þremur í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 UMHVERFISÁHRIF

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Mati á líklegum umhverfisáhrifum er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- **Breytt skipulag.** Svæðinu er breytt úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði með heimild til framleiðslu 60 tonna af seiðum.
- **Núll – kostur.** Landnotkun breytist ekki. Svæðið verður áfram landbúnaðarland og lóðin áfram nýtt til seiðaeidis fyrir allt að 20 tonn af seiðum.

Breytt skipulag:

Áhrif á gróður er óverulegt þar sem svæðið er í jaðri hverfisverndarsvæðis vegna birkiskógar/birkikjarrs. Þar er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir og birkikjarr. Lóðin

er þegar byggð og ekkert rask verður á hverfisvernduðu svæði eða birkikjarri. Með búnaði sem kemur í veg fyrir slysasleppingu eru áhrif á dýralíf metin óveruleg. Áhrif á samfélag er metið jákvætt þar sem frekari uppbygging eykur tekjur og skapar störf innan sveitarfélagsins. Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg þar sem sambærilegar byggingar eins og skemmur og eldisker munu bætast við þegar framkvæmt verður meira á svæðinu.

Núll-kostur:

Áhrif á gróður, dýralíf, samfélag og ásýnd og landslag er metið óverulegt þar sem engar breytingar verða á núverandi landnotkun eða framleiðslu.

3.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið vill heimila breytingu á landnotkun í Eyjarlandi enda er það í samræmi við núverandi notkun svæðisins. Heimiluð er stækkun á framleiðslu seiðaeldisins og er það metin óveruleg eða jákvæð áhrif á metna þætti enda séu allar kröfur um aðbúnað og fráveitu uppfylltar. Jákvætt er að núverandi rekstur sjái tækifæri í að eflast og stækka. Aukin framleiðsla skilar sveitarfélaginu tekjum og eykur atvinnuöryggi. Nægt vatn er á staðnum til að anna aukinni framleiðslu og skal í deiliskipulagi gera grein fyrir vatnstöku, úrgangsmálum, fráveitu og umhverfisáhrifum.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð.

Á uppdrætti er skilgreint nýtt iðnaðarsvæði, I21, sem er um 3 ha og minnkar landbúnaðarsvæði sem því nemur.

Í greinargerð bætist við eftirfarandi lína í töflu yfir iðnaðarsvæði á bls. 30.

IÐNAÐARSVÆÐI			
Nr.	Heiti	Lýsing	Jörð
I21	Eyjarland	Svæði fyrir seiðaeldisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum. Til staðar eru mannvirki til seiðaeldis s.s. eldistjarnir, settjarnir og starfsmanna-aðstaða. Heimiluð er frekari uppbygging á svæðinu fyrir allt að 60 tonna framleiðslugetu með viðbótar kerjum og bættri vinnuástöðu og starfsmannaástöðu. Starfsemin skal vera í samræmi við þær reglugerðir sem við eiga. Stærð svæðisins er 3 ha. Svæðið skal deiliskipulagt áður en gefin verður heimild til stækkunar og þar skal gera grein fyrir vatnstöku, úrgangsmálum, fráveitu og umhverfisáhrifum þeirra þátta.	Eyjarland

5 MÁLSMEÐFERÐ

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010

5.1 Skipulags og matslýsing

Umsögn um skipulagslýsingu barst frá Skipulagsstofnun.

5.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Umsagnaraðilar við breytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnáslu sveitarfélagsins.

Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Umsögn Umhverfisstofnunar gefur tilefni til breytinga á skipulagsgögnum og gerð er grein fyrir henni í kafla 6. Breytingar eftir auglýsingu.

5.3 Skipulagsferli

Breytingin var kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins <http://www.utu.is/>. Athugasemdir voru skriflegar og bárust á skrifstofu skipulagsfulltrúa á netfangið vigfus@utu.is, fyrir auglýstan tímafrest.

Aðalskipulagsbreytingin verði auglýst haustið 2021 og gert ráð fyrir að breytingin verði staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda snemma snemma árs 2022.

6 BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU


Í samræmi við umsögn UST dags. 18.11.2021 er bætt við í kafla 4. Breyting á aðalskipulagi, ákvæðum um að svæðið skuli deiliskipulagt og að þar verði gerð grein fyrir vatnstöku, úrgangsmálum, fráveitu og umhverfisáhrifum þeirra þátta.

Í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar 07.01.2022 er kafli 3 Umhverfisáhrif lagfærður, bætt við upplýsingum og tekið fram að skipulagið falli undir lög nr. 111/2021.


Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting - Iðnaðarsvæði í Eyjarlandi

Bláskógabyggð 



Breyttur aðalskipulagsuppráttur.



Gildandi aðalskipulagsuppráttur.

SKÝRINGAR

	Fristundabyggð
	Landbúnaðarsvæði
	Skógræktar- og landgræðslusvæði
	Verslun og þjónusta
	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
	Iðnaðarsvæði
	Stofnvegir
	Tengivegir
	Héraðsvegir/landsvegir
	Reiðleiðir
	Landamerki, óviss og ekki tæmandi
	Hverfisvermd - birkiskógur/birkikjarr



Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027
Iðnaðarsvæði í Eyjarlandi

VERK:	BLAÐSTÆRD:	UNNID:	RÝNT:
3502-014	A4	AB/IS	AB

MÆLIKVARDI:	DAGS:	DAGS.BREYT:
1:50.000	01.06.2021	

SAMPYKKT:

SKIPLAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skiplagsgögn:

- Aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð og umhverfisskýrsla.


Kortagrunnur:


IS50v frá Landmælingum Íslands.
Hnitakerfi er ISN93.




Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting - Iðnaðarsvæði í Eyjarlandi

Bláskógabyggð 



Breyttur aðalskipulagsuppráttur.



Gildandi aðalskipulagsuppráttur.

SKÝRINGAR

-  F Frístundabyggð
-  Landbúnaðarsvæði
-  Skógræktar- og landgræðslusvæði
-  VÞ Verslun og þjónusta
-  E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
-  I Iðnaðarsvæði
-  Stofnvegir
-  Tengivegir
-  Héraðsvegir/landsvegir
-  Reiðleiðir
-  Landamerki, óviss og ekki tæmandi
-  Hverfisvernd - birkiskógur/birkikjarr



Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027
Iðnaðarsvæði í Eyjarlandi

SKIPLAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skipulagsgögn:

- Aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð og umhverfisskýrsla.

Kortagrunnur:

IS50v frá Landmælingum Íslands.
Hnitakerfi er ISN93.



VERK: 3502-014 BLADSTÆRD: A4 UNNID: AB/IS RÝNT: AB

MÆLIKVARÐI: 1:50.000 DAGS: 01.06.2021 DAGS.BREYT:

SAMPYKKT: